



Aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar

Starf aðstoðarforstjóra Landsvirkjunar er laust til umsóknar. Þetta krefjandi starf felur í sér einstakt tækifæri til að taka þátt í stjórnun og framtíðarstefnumótun eins mikilvægasta innviðafyrirtækis landsins.

Helstu verkefni:

- Stjórnun og rekstur, skv. nánari ákvörðun forstjóra
- Seta í framkvæmdastjórn Landsvirkjunar
- Þátttaka og stjórn ýmissa innri umbótaverkefna
- Koma fram fyrir hönd Landsvirkjunar út á við
- Samskipti við opinbera stjórnsýslu
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Staðgengill forstjóra Landsvirkjunar
- Undirbúningur stjórnarfundna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólagráða sem nýtist í starfi
- Meistaragráða nauðsynleg
- Víðtæk stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Lipurð í samskiptum og hæfni til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða

Sótt er um starfið hjá Hagvangi, nánari upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, (katrin@hagvangur.is). Umsóknarfrestur er til og með 31. ágúst 2019.



Landsvirkjun hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.

www.landsvirkjun.is

Sérfræðingur í jarðtækni



Vegagerðin leitar að sérfræðingi á sviði jarðtækni til starfa á hönnunardeild. Viðkomandi þarf að hafa áhuga og reynslu af að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði jarðtæknilegra rannsókna og burðarþolshönnunar vega.

Umsóknarfrestur

9. september

Starfssvið:

- Fagleg umsjón með borvagni og öðrum tækjum vegna jarðtæknilegra rannsókna.
- Fagleg umsjón með fallóðsmælingum og veggreini.
- Jarðtæknileg ráðgjöf vegna hönnunar vega og grundunar brúa.
- Gerð leiðbeininga um burðarþolshönnun vega og jarðtæknilegar rannsóknir.
- Þátttaka í föstum nefndum á starfssviðinu.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/14198

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði, kostur á sviði jarðtækni eða jarðverkfræði.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að taka þátt í teymisvinnu.
- Lausnamiðuð hugsun og færni til að fylgja málum eftir.

Vegagerðin er ríkisstofnun sem vinnur að öruggum og greiðum samgöngum í þágu samfélagsins. Hlutverk hennar er að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmasta hátt með þarfr samfélagsins að leiðarljósi. Meginmarkmið stofnunarinnar eru öruggar og greiðar samgöngur á sjó og landi, hagkvæm uppbygging og rekstur samgöngukerfisins í sátt við umhverfið, skilvirk og vel skipulögð starfsemi og ábyrgt, hæft og ánægð starfsfólk. Gildi Vegagerðarinnar eru Fagmennska-Öryggi-Framsýni.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_



Global Trainer

Össur leitar að einstaklingi í starf Global Trainer, sem er nýtt starf innan fyrirtækisins, og mun bera ábyrgð á undirbúningi og þjálfun nýrra kerfa innan Sölu- og Markaðssviðs Össurar. Global Trainer mun starfa náið með þverfaglegu teymi sérfræðinga innan Össurar, sem vinnur nú að innleiðingu á CRM kerfi (Salesforce) fyrir allar starfsstöðvar okkar, en fyrsta verkefnið verður að halda utan um þjálfun á CRM kerfinu. Viðkomandi þarf að gera ráð fyrir allt að 40% ferðalögum í starfi.

Ef þú hefur unnið við þjálfun eða sem kennari í viðskiptaumhverfi, ert metnaðarfullur og jákvæður – og hefur gaman að því að vinna með fólki með mismunandi bakgrunn, gæti þetta verið tækifærið fyrir þig.

STARFSSVIÐ

- Útbúa þjálfunaráætlun
- Þróa og viðhalda þjálfunarefni
- Breytingastjórnun
- Meta þjálfunarbörf fyrir viðkomandi starfsstöð
- Leiða þjálfun sölufólks í samstarfi við sölustjóra á hverju svæði
- Meta árangur þjálfunar í samstarfi við sölustjóra
- Eftirfylgni þjálfunar og viðbótarþjálfun fyrir einstaklinga
- Náin samvinna með tölvudeild, viðskiptagreini og viðskiptaæiningum varðandi yfirfærslu á notendakröfum, ferlum ofl.
- Undirbúningur, aðstoð og þátttaka í stefnumótandi verkefnum
- Stuðningur við innleiðingu stefnumótandi verkefna

HÆFNISKRÖFUR

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Reynsla af kennslu, námskeiðahaldi og þjálfun (helst í viðskiptaumhverfi)
- Leiðtogaþæfni
- Reynsla af breytingastjórnun er kostur
- Reynsla af sölustörfum er kostur
- Þekking á Salesforce eða öðru CRM kerfi
- Góð tök á að halda fyrirlestra
- Hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun hagsmunaaðila
- Mjög góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Financial Controller

Fjármálasvið Össurar leitar að framúrskarandi einstaklingi í uppgjörsteymi félagsins sem starfar í alþjóðlegu rekstrarumhverfi. Uppgjörsteymið útbýr samstæðuuppgjör Össurar og ber ábyrgð á að útvega stjórnendum og öðrum áreiðanleg fjárhagsleg gögn. Teymið vinnur einnig að því að samræma og bæta fjárhagsferla og innra eftirlit félagsins.

STARFSSVIÐ

- Taka þátt í gerð samstæðuuppgjör Össurar
- Vinna að lausn ýmissa fyrirspurna tengdum bókhaldi og uppgjörum
- Tryggja áreiðanleika gagna innanhúss sem utan
- Aðstoða önnur svið með fjárhagsupplýsingar
- Aðstoða við innra eftirlit

HÆFNISKRÖFUR

- Viðskiptafræðingur af reikningshaldssviði
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Reynsla af endurskoðunarstofu kostur
- Reynsla af ársreikningagerð og greiningum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2019.

Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannauður. Athugið að velja viðeigandi starf.

For English version please see the above webpage.

Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.



Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.

Hjá félaginu starfa um 3.500 manns í 25 löndum.

Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



WWW.OSSUR.COM

Veghönnun

Vegagerðin leitar að byggingarverkfræðingi eða byggingartæknifræðingi til starfa á hönnunardeild sem hefur áhuga á að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni allt frá frumstigum hönnunar til framkvæmda.

Umsóknarfrestur

2. september

Starfssvið:

- Hönnun vega og þátttaka í uppbyggingu vegakerfis.
- Verkefnastjórn hönnunar og umferðaröryggisrýni.
- Umsjón og þátttaka í þróun veghönnunarkerfa Vegagerðarinnar.
- Þátttaka í rannsóknarverkefnum tengdum umferðarmannvirkjum.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Upplýsingar og umsókn

capacent.com/s/14199

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í byggingarverkfræði eða byggingatæknifræði.
- Reynsla af sambærilegum verkefnum er kostur.
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur.
- Þekking og reynsla í notkun teikni- og hönnunarforrita.
- Þekking og reynsla í notkun Microstation og Inroads er kostur.
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að taka þátt í teymisvinnu.



Vegagerðin er ríkisstofnun sem vinnur að öruggum og greiðum samgöngum í þágu samfélagsins. Hlutverk hennar er að þróa og annast samgöngukerfi, á sjó og landi, á sem hagkvæmasta hátt með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Meginmarkmið stofnunarinnar eru öruggar og greiðar samgöngur á sjó og landi, hagkvæm uppbygging og rekstur samgöngukerfisins í sátt við umhverfið, skilvirk og vel skipulögð starfsemi og ábyrgt, hæft og ánægt starfsfólk. Gildi Vegagerðarinnar eru Fagmennska-Öryggi-Framsýni.

Capacent — leiðir til árangurs

Capacent_

FRAMKVÆMDASTJÓRI

fjármála- og mannauðssviðs



Ölgerðin leitar að öflugum leiðtoga til að stýra fjármála- og mannauðssviði samstæðunnar sem samanstendur af fasteignafélagi, heildversluninni Danól ásamt móðurfélagi. Viðkomandi þarf að búa yfir miklu frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum um ásamt leiðtogahæfni.

Undir sviðið falla bókhald, fjárreiður, upplýsingatækni, mannauðsmál og umbóta- og ferlamál. Starfið er bæði umfangsmikið og krefjandi og hentar einstaklingi sem býr yfir færni á sviði fjármálastjórnunar, upplýsingatækni og samskipta. Framkvæmdastjóri fjármála- og mannauðssviðs er hluti af framkvæmdastjórn, vinnur náið með forstjóra og framkvæmdastjórn að því að framfylgja stefnu og að ná rekstrarmarkmiðum félagsins.

Sótt er um starfið á ráðningasíðu Capacent og þar má einnig finna nánari upplýsingar um starfssvið og hæfniskröfur: www.capacent.is

Nánari upplýsingar veita:

Hilmar Garðar Hjaltason, hilmar.hjaltason@capacent.is

Audur Bjarnadóttir, audur.bjarnadottir@capacent.is

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 25. ágúst 2019.

ÖLGERÐIN er stofnuð árið 1913, er í dag eitt stærsta fyrirtækið á sínu sviði og velti á síðasta ári um 25 milljörðum króna. Hjá Ölgerðinni og dótturfyrirtækinu Danól starfa um 400 manns.

ÖLGERÐIN framleiðir, flytur inn, dreifir og selur matvæli og drykkjarvörur af ýmsum toga. Danól selur mat- og sérvöru í fremstu röð og er skipt í þrjár einingar, matvara, snyrti- og sérværa auk stóreldhús og kaffikerfa. Stöðugt er leitað nýrra leiða til að efla starfsemi og ná fram meiri framleiðni með því að gera hlutina betur og fyrr en aðrir. Mikil áhersla er lögð á samfélagsábyrgð og hagkvæman rekstur. Þetta er gert til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar, neytendum, starfsfólki og eigendum.

RÁÐGJAFI Í LAUNALAUSNUM

Viðskiptalausnir Origo leita að lausnamiðuðum einstaklingi með reynslu á sviði launamála sem hefur metnað og hæfni til að taka þátt í að gera okkar frábæru launalausnir enn betri.

HÆFNISKRÖFUR:

- Minnst þriggja ára reynsla af launavinnslu og launabókhaldi er skilyrði
- Þekking á Kjarna, SAP eða öðrum sambærilegum launakerfum
- Góð greiningarhæfni og geta til að leysa úr flóknum úrlausnarefnum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Góð almenn tæknikunnátta og færni á Excel
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í starfi
- Góð samskiptahæfni og mikil þjónustulund

Origo er þjónustufyrirtæki í upplýsingatækni sem hjálpar viðskiptavinum að ná samkeppnisforskoti með sérsniðnum lausnum. Gildin okkar eru **þjónustuframsýn, samsterk og fagdjörf.**



HELSTU VERKEFNI:

- Innleiðing á launalausnum Origo hjá nýjum viðskiptavinum
- Ráðgjöf og þjónusta til núverandi viðskiptavina
- Þátttaka í þróun og útfærslu á nýjum lausnum

Við hvetjum jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Sótt er um starfið á vef Origo. Umsóknarfrestur er til og með **25. ágúst 2019.**

Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað. Nánari upplýsingar veita sérfræðingar á mannauðssviði Origo, **mannaudur@origo.is.**

.origo.

OR Orkuveita
Reykjavíkur



Reynslubolti óskast

Við leitum að þjónustufulltrúa í rafmagni

Mæla og notendabjónusta OR hefur það hlutverk að hafa umsjón með heimlagnarferli frá umsókn til áhleytingar og veitir fjölbreytta ráðgjöf til rafverktaka, hönnuða og húseigenda.

Við leitum að þjónustufulltrúa í rafmagni sem mun taka þátt í verkefnum teymisins ásamt því að aðstoða við að tryggja gott flæði og forgangsraða í samráði við hópstjóra og umsjónarmann rafmagnsþjónustu.

Ef þú hefur reynslu af faginu, góða skipulagsfærni og býrð yfir nákvæmni og þjónustulund viljum við fá umsókn frá þér. Hluti af starfinu felst í spennusetningum, tengingum og mælavinna og er því gerð krafa um sveinspróf í rafvirkjun. Próf í rafmagnsiðnfræði eða meistararéttindi í rafmagni er mikill kostur.

OR Grunnur að lífsgæðum



Sótt er um starfið á ráðningarvef OR, **starf.or.is**, þar sem nánari upplýsingar er að finna.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2019.

Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.





Sameyki er stéttarfélag í almannaþjónustu og er félagssvæði þess allt landið. Félagsmenn eru um 11.000 og er Sameyki stærsta félagið innan BSRB. Helstu verkefni félagsins eru að bæta kjör félagsmanna og verja réttindi þeirra. Einnig vinnur félagið að réttinda- og kjaramálum á vettvangi BSRB og er í samstarfi um ýmis mál við systurfélög innan bandalagsins.



SÉRFRÆÐINGUR Á KJARASVIÐI

Sameyki – stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir að ráða sérfræðing á kjarasvið. Leitað er að öflugum og framsæknum einstaklingi sem hefur áhuga á kjara- og réttindamálum launafólks.

Helstu verkefni

- Vinna að kjaramálum, stofnanasamningum og starfsmati
- Tölfræðigreiningar og upplýsingaöflun er varða kjaratengd málefni
- Uppsetning gagnagrunna í tengslum við samninga
- Vinna að kjara- og launakönnunum félagsins
- Aðstoð við félagsmenn er varðar kjör og réttindi
- Kennsla og fræðsla varðandi kjaramál
- Vinna við félags- og gagnakerfi Sameykis
- Önnur verkefni skv. ákvörðun framkvæmdastjóra

Menntunar- og hæfnikröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. hagfræði, vinnumarkaðsfræði, viðskipta- eða verkfræði
- Greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga
- Leikni í að vinna og setja fram upplýsingar úr gagnagrunnum og upplýsingabrunnum
- Viðtæk reynsla af tölfræði- og greiningarvinnu og notkun töflureikna
- Áhugi og reynsla/þekking á kjara- og vinnumarkaðsmálum
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Hvetjandi í hópstarfi
- Góð samskipta- og samstarfshæfni
- Góð íslenskukunnátta og færni í textagerð



Upplýsingar veitir:
Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 27. ágúst.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Vegagerðin er þjónustumiðuð stofnun sem nýtir tækniþekkingu til umferðarstýringar og bættis samgönguöryggis á sjó og landi.

Starfsemi Þjónustusviðs Vegagerðarinnar tekur til þjónustu við vegakerfið allt árið og upplýsingamiðlunar til veg- og sjófarenda.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.



FRAMKVÆMDASTJÓRINÝS ÞJÓNUSTUSVIÐS

Við leitum að framkvæmdastjóra til að leiða öflugt starf á nýju Þjónustusviði Vegagerðarinnar. Starfsstöðin er í Reykjavík. Starfið heyrir beint undir forstjóra og framkvæmdastjórinn tekur sæti í yfirstjórn Vegagerðarinnar.

Stöðugar umbætur þjónustunnar með tækniþróun og markvissri endurskoðun verklags verða ekki hvað síst áskorun fyrir nýjan framkvæmdastjóra. Framundan eru stór verkefni við þróun þjónustu og upplýsingagjafar.

Um er að ræða áhugavert og spennandi starf þar sem viðkomandi gefst tækifæri til að þróa nýtt svið þjónustu á tímum mikilla tækniþreyinga og stafrænna umbreytinga, innleiða nýja ferla og hagnýta upplýsinga-tækni við innri og ytri þjónustu Vegagerðarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Stjórnunarreynsla
- Farsæl og árangursrík reynsla af rekstri
- Haldgóð þekking á fjármálum
- Reynsla af þjónustustýringu og upplýsingamiðlun
- Reynsla og þekking á stafrænum lausnum
- Reynsla af þróun og innleiðingu nýrra ferla
- Framúrskarandi samskiptaþæfni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku



Upplýsingar veita:
Katrín S. Óladóttir, framkvæmdastjóri Hagvangs
katrin@hagvangur.is

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar
bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is

Sigurbjörg J. Narby Helgadóttir, mannauðsstjóri Vegagerðarinnar, sigurbjorg.helgadottir@vegagerdin.is eða í síma 522 1000.

Umsóknarfrestur er til og með **2. september 2019**. Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Nýtt fólk

Skúli Valberg nýr framkvæmdastjóri Kolibri

Skúli Valberg Ólafsson, núverandi formaður stjórnar Kolibri, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri félagsins. Hann tekur við starfinu 1. september nk.

Skúli býr yfir mikilli reynslu af störfum í upplýsingatækni, fjármálum og nýsköpun. Hann hefur meðal annars starfað sem stjórnandi hjá EJS, Oz.Com, Straumi-Burðarási, Raiffeisen Bank í Austurríki, Beringer Finance og Festu – miðstöð um samfélagsábyrgð. Þá hefur Skúli verið ráðgjafi fjölda fyrirtækja í breytingarferlum, fjármögnun og nýsköpun.

Skúli hefur setið í stjórnnum fjölda fyrirtækja, bæði á Íslandi og erlendis, og má þar nefna CCP, Opin Kerfi Group, Klakka, Símann, Skipti, Florealis og RIFF.

Skúli er með gráðu í iðnaðar- og kerfisverkfræði frá University of Florida og MBA-gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Þá leggur hann stund á framhaldsnám í stafrænum viðskiptum.

Kolibri er hugbúnaðar- og ráðgjafar fyrirtæki sem handleiðir og þjálfar fyrirtæki og stofnanir í þróun og innleiðingu á stafrænum lausnum með framsæknum aðferðum og inngrípum í rekstur og ferla. Hjá Kolibri starfa 30 manns.



Kristinn Haukur Guðnason til Fréttablaðsins

Kristinn Haukur Guðnason hefur verið ráðinn sem blaðamaður hjá Fréttablaðinu og hóf störf þann 1. júlí. Hann skrifar bæði í fréttahluta blaðsins og helgarefni.

Síðastliðin tvö ár hefur Kristinn starfað sem blaðamaður hjá DV. Frá haustinu 2018 var hann fréttastjóri helgarblaðsins. Þar áður var Kristinn pistlahöfundur hjá Kjarnanum frá stofnun miðilsins árið 2013.

Kristinn er 38 ára gamall og sagnfræðingur að mennt. Nam hann miðaldasögu við Háskóla Íslands og Edinborgarháskóla. eru það einkum hinar myrku hliðar sögunnar þar sem áhuginn liggur.

Kristinn er búsettur í Hafnarfirði, er giftur og á tvær dætur. Hann er mikill grúskari og ólæknalegur nörd. Áhugamálin eru borðspil, kvikmyndir, tónlist, íþróttir, stjórnmál, þjóðfélagsmál og saga. Kristinn er mikill dýravínur og hafa þau ófa dvalið á heimilinu, úr hinum ýmsu ættkvíslum fánunnar.



Eggert til Samstarfsvettvangs um loftslagsmál

Eggert Benedikt Guðmundsson hefur verið ráðinn forstöðumaður Samstarfsvettvangs stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir.

Starfsferill Eggerts nær til stóriðju, sjávarútvegs, hátækni, verzlunar, og menningarstarfsemi.

Eggert stýrði um 10 ára skeið tveimur af stærstu fyrirtækjum landsins, N1 hf. frá árinu 2012 til 2015 og HB Granda hf. frá árinu 2005 til 2012. Nú síðast gegndi hann forstjórastöðu fyrir nýsköpunarfyrirtækið eTactica sem starfar á sviði raforkueftirlitskerfa.

Eggert hefur verið formaður stjórnar Borgarleikhússins frá árinu 2017 og stjórnarformaður Hótel Holts frá árinu 2015. Þá hefur hann setið í stjórn Viðskiptaráðs Íslands frá árinu 2010, þar af varaformaður frá árinu 2010 til 2014. Hann var stjórnarmaður Íslandsstofu á árunum 2010 til 2013 og Háskólans í Reykjavík á árunum 2006-2010.

Eggert er rafmagnsverkfræðingur að mennt frá Háskólanum í Karlsruhe í Þýskalandi. Hann lauk MBA-gráðu frá IESE-viðskiptaskóla Háskólans í Navarra 1997 og AMP-gráðu frá sama skóla 2012.



FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um nýtt fólk Atvinnublað Fréttablaðsins kemur út á laugardögum í viku hverri. Umsjónarmaður blaðsins er Hrannar Helgason. Blaðið birtir valdar greinar um ráðningu nýrra starfsmanna. Sendið tilkynningar ásamt mynd af viðkomandi á netfangið: nyttfolk@frettabladid.is



Rafmiðlun

RAFVIRKJAR ÓSKAST

Rafmiðlun óskar eftir rafvirkjum til starfa. Um er að ræða skemmtilegan og lifandi vinnustað með öflugum starfsmannafélagi ásamt góðri aðstöðu fyrir starfsmenn.

Við leitum að jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingum sem eru til að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni. Viðkomandi þarf að vera vanur að vinna í teymi, stundvís og starfsreynsla æskileg. Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Starfsumsóknir með ferilskrá sendist á rafrænu formi netfangið: vilborg@rafmidlun.is
merkt: Haust 2019

Ögurhvarf 8, 203 Kópavogur - Sími 540 3500 - Netfang rafmidlun@rafmidlun.is

Rafmiðlun er eitt stærsta rafverktaka-fyrirtæki landsins stofnað 1996.

Hjá fyrirtækinu starfa um 140 manns. Rafmiðlun byggir á kraftmiklum og metnaðarfullum starfsmönnum sem eru vel upplýstir, sýna frumkvæði og eru hluti af heild.

Rafmiðlun er framúrskarandi og fyrirmyndarfyrirtæki 2018 samkvæmt lista Creditinfo og Viðskiptablaðsins.



ORKUSTOFNUN

Forstöðumaður Jarðhitaskólans

Orkustofnun auglýsir stöðu forstöðumanns Jarðhitaskólans (JHS) lausa til umsóknar.

Jarðhitaskólinn hefur almennt

gengið undir nafninu Jarðhitaskóli Háskóla

Sameinuðu þjóðanna, og starfar undir því

heiti til ársloka 2019. Frá upphafi árs 2020

er gert ráð fyrir tengslum og samvinnu við

aðra alþjóðlega stofnun.

Helstu verkefni eru:

- Að skipuleggja og stjórna starfsemi Jarðhitaskólans, og vera orkumálastjóra og stjórn skólans til ráðgjafar í samræmi við samstarfssamning Íslands við alþjóðlegu stofnun, sem skólinn verður tengdur í framtíðinni.
- Að vinna með systurstofnunum sínum á Íslandi (Sjávarútvegsskólanum, Landgræðsluskólanum og Jafnréttisskólanum), og styðja við myndun og starfsemi þeirrar stofnunar, sem er ætlað að verða sameiginlegur tengiliður skólanna á Íslandi við þessa alþjóðlegu stofnun og utanríkisráðuneytið.
- Að bera ábyrgð á vali nemenda í jarðhitafræðum frá þróunarlöndum, í 6-mánaða þjálfun eða akademískt nám á Íslandi, og jafnframt efla eða koma á laggirnar samvinnu við viðeigandi stofnanir eða samstarfsaðila í þessum löndum.
- Að bera ábyrgð á námskeiðum eða ráðstefnum sem skólinn stendur fyrir eða styður og haldin eru erlendis.
- Að tryggja akademiska og hágæða stjórnun á starfsemi skólans, ekki síst í kennslu, þjálfun og ritgerðarvinnu nemenda.
- Að vera ábyrgur fyrir skipulagningu, fjárhagsáætlun og rekstri skólans.

Upplýsingar um Jarðhitaskólann má finna á vefsíðu hans (www.unugtp.is). Frekari upplýsingar veita orkumálastjóri og stjórnarformaður Jarðhitaskólans, Dr. Guðni A. Jóhannesson, eða núverandi forstöðumaður, Lúðvík S. Georgsson.

Grunnhæfniskröfur:

- Doktors- eða meistaraþráða í jarðvísindum eða verkfræði.
- Umtalsverð reynsla af jarðhitarannsóknnum eða við þróun jarðhitanýtingar.
- Reynsla í kennslu og leiðbeiningarstörfum nemenda á háskólastigi.
- Góð kunnátta í ensku tungu, en starfsemi skólans fer að mestu fram á ensku.
- Reynsla af störfum á alþjóðlegum vettvangi.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun greiðast samkvæmt samningi milli fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélag. Skrifleg umsókn ásamt fylgiskjölum skal berast Orkustofnun, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík, eða á tölvupóstfangið ods@os.is, eigi síðar en 2. september, 2019.

Orkumálastjóri

Orkugarður
Grensásvegi 9
108 Reykjavík
www.os.is

Verkstjóri/Byggingastjóri

Vegna vaxandi verkefna og traustrar verkefnastöðu næstu árin óskum við eftir að ráða reyndan verkstjóra til starfa við daglega stjórn á verkstað í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:

- Dagleg stýring starfsmanna og undirverktaka
- Innri úttektir á gæðum vinnu eigin starfsmanna og undirverktaka
- Efnisinnkaup
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Framfylgja verk- og kostnaðaráætlunum í samráði við verkefnastjóra

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í iðngrein er skilyrði
- Meistararéttindi og byggingastjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af stjórn byggingarverkefna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áræðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á póstfangið gylfi@javerk.is fyrir 25. ágúst. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 27 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. **JÁVERK** leggur áherslu á umhverfismál, öryggi og gæði. **JÁVERK** er eina verktakafyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu Creditinfo sem „Framúrskarandi fyrirtæki“ öll síðustu 5 ár.

Starfsmannastefna fyrirtækisins er að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekkist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannaveita er lítil.

JÁVERK

Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is

JÁVERK

VILT ÞÚ VERÐA HLUTI AF GÓÐU FERÐALAGI?

UMDÆMISSTJÓRI Á EGILSSTÖÐUM

Umdæmisstjóri sér um daglegan rekstur Egilsstaðaflugvallar og annara flugvalla í umdæmi IV. Hefur umsjón með áætlanagerð, mönnun og búnaði. Ber ábyrgð á virkni gæða- og öryggisstjórnunarkerfis. Hann er leiðandi í uppbyggingu og þróun á þjónustu og markaðssetningu Isavia á svæðinu og tekur þátt í gerð markmiða og mælikvarða.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Björk Jakobsdóttir, framkvæmdastjóri flugvallasviðs, sigrun.jakobsdottir@isavia.is

Hæfniskröfur

- Háskólapróf eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri og stjórnunarstörfum
- Reynsla af verkefnastjórnun og áætlanagerð
- Þekking á öryggis- og gæðastjórnunarkerfum
- Hæfni í samskiptum og lausn ágreiningsmála



Vegna kröfu reglugerðar um flugvernd þurfa umsækjendur að fylla út og skila inn umsókn vegna bakgrunnsskoðunar lögreglu og vera með hreint sakavottorð. Nánari upplýsingar er að finna á isavia.is.

Hjá Isavia starfar öflugur hópur fólks sem allt hefur það að markmiði að vera hluti af góðu ferðalagi þeirra sem fara um flugvelli félagsins og íslenska flugstjórnarsvæðið. Isavia ber Jafnlaunamerkið með stolti enda er það staðföst trú okkar að launaákvæðanir skuli ávallt byggja á faglegum og málefnalegum rökum.

STARFSSTÖÐ:
EGILSSTAÐIR

UMSÓKNARFRESTUR:
1. SEPTEMBER

UMSÓKNIR:
ISAVIA.IS/ATVINNA

ISAVIA

Starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk

Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar óskar eftir að ráða starfsfólk á Sæbraut sem er íbúðarkjarni fyrir fatlað fólk. Um vaktavinnu er að ræða, þar sem unnið er á dag- kvöld- og helgarvöktum. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf fljótlega.

Helstu verkefni

eru að veita íbúum hvatningu og stuðning við daglegar athafnir, samfélagslegrar þátttöku og almennrar virkni.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Góð almenn menntun.
- Sveigjanleiki og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, jákvæðni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Reynsla af starfi með einhverfum æskileg.
- Umsækjendur þurfa að hafa bílpróf.

Aldursskilyrði er 20 ár og skulu umsækjendur hafa hreint sakavottorð

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og starfsmannafélags Reykjavíkur.

Upplýsingar um starfið veitir Helga Gestsdóttir forstöðumaður í síma 694-9705, í tölvupósti helgag@seltjarnarnes.is og Halldóra Jóhannesdóttir Sanko í síma 595-9100, í tölvupósti halldoraj@seltjarnarnes.is

Umsókn ásamt fylgiskjölum skal skilað á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar – undir <http://www.seltjarnarnes.is> -Störf í boði

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst 2019. Óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

seltjarnarnes.is



Jafnlaunaúttekt
PwC
2016



SELTJARNARNESBÆR

Blikksmiði ehf

Óskar eftir blikksmiðum eða vönum mönnum í Blikksmiðavinnu, einnig aðstoðarmönnum.

Upplýsingar í síma: 893 4640 eða blikksmidi@simnet.is

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

AVANT



JOHN DEERE

Við leitum að rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum á verkstæði okkar.


Íslyft & Steinbock þjónustan er búin að vera starfandi síðan 1972. Íslyft hefur verið markaðsleiðandi í sölu á Linde lyfturum og vöruhúsatækjum síðastliðin 20 ár. Íslyft er m.a. með umboð fyrir Linde, John Deere, Avant, Merlo og Combilift.

Íslyft er öruggur og skemmtilegur vinnustaður og hvetjum við þig til að sækja um.

Umsóknir sendist á netfangið islyft@islyft.is
Framtíðarstarf hjá öruggu fyrirtæki.



Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfurum og dráttarvélum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfturum sl. 25 ár.



Sérfræðingur í rannsóknum jarðhitaauðlinda

Á Þróunarsviði OR starfar vísindafólk sem tryggir, verndar og treystir sjálfbæra og sporlausu nýtingu auðlinda okkar á grunni umfangsmikils rannsóknar- og nýsköpunarstarfs.

Huga þarf að framtíðarforða fyrir veiturnar okkar og við leitum að liðsfélaga til að stýra rannsóknum á ókönnuðum jarðhitasvæðum. Í starfinu felst virk þátttaka í mótun nýtingarstefnu OR samstæðunnar þar sem leiðarljósið er að tryggja almenningi birtu, vatn og yl til framtíðar.

Starfið krefst þekkingar á jarðhita, reynslu af verkefnastjórn og samskiptahæfni. Menntun á sviði jarðvísinda, orkuvísinda eða skyldra greina er nauðsynleg.

Ef þú ert góð(ur) í að fá fólk til liðs við þig, klára mál og brennur fyrir sjálfbærri nýtingu auðlinda viljum við heyra frá þér.

Sótt er um starfið á ráðningarvef OR, starf.or.is.

Umsóknarfrestur er til og með 26. ágúst 2019.
Við hvetjum öll kyn til að sækja um starfið.

OR er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, jafnrétti, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf.

OR Grunnur að lífsgæðum

VEITUR | GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR | ON ÖRKA MATJÓRNUNAR



Starfsmaður í innri endurskoðun

Innri endurskoðandi Kviku banka óskar eftir að ráða starfsmann í deildina. Innri endurskoðun starfar óháð öðrum deildum í skipulagi bankans, er þáttur í eftirlitskerfi hans og ber ábyrgð gagnvart endurskoðunarnefnd og stjórn.

Starfssvið og ábyrgð:

- Þátttaka í skipulagningu innri endurskoðunar
- Metur hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé fullnægjandi
- Tryggir skilvirkt eftirlitsumhverfi í samvinnu við stjórnendur. Yfirsýn yfir eftirlitsþætti s.s. áhættustýringu, öryggi, fylgni við lög og reglur
- Þátttaka í samhæfingu starfa innri endurskoðunar við aðrar eftirlitseiningar innan bankans
- Umsjón með úttektum og þátttaka í skýrslugjöf

Hæfniskröfur:

- CIA vottun eða hefur hafið faggildingarferli
- Háskólapróf í viðskiptafræði af endurskoðunarsviði, meistaraþróf í reikningshaldi og endurskoðun eða sambærilegu námi
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði innri endurskoðunar
- Skipulögð, hlutlæg og vönduð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og geta til að vinna sjálfstætt

Lögfræðingur / lögmaður á lögfræðisvið

Helstu verkefni:

Margvísleg lögfræðisþjónusta við samstæðu bankans svo sem:

- Lögfræðileg greining og ráðgjöf
- Skjalagerð af ýmsum toga
- Fjölbreytt verkefni sem varða meðal annars ýmis svið fjármuna- og félagaréttar

Hæfniskröfur:

- Fullnaðarpróf í lögfræði
- Lögmannsréttindi eru kostur
- Að minnsta kosti fimm ára starfsreynsla af lögmannsstofu eða úr fjármálageiranum
- Víðtæk þekking á sviði fjármálamarkaðar
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður og vilji til að takast á við krefjandi starf og flókin úrlausnarefni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og góð almenn tölvukunnátta

Starfsmaður í regluvörslu

Starfssvið og ábyrgð:

Starfið felur í sér fjölbreytt verkefni á ábyrgðarsviði regluvörslu, m.a. tengd:

- Aðgerðum bankans gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
- Eftirliti með verðbréfavíðskiptum í starfsemi bankans
- Uppbyggingu og eftirliti með innra regluverki bankans
- Innherjamálefnum bankans
- Samskiptum við stjórnvöld og aðra eftirlitsaðila
- Ráðgjöf og fræðslu til annarra sviða bankans
- Innleiðingu nýrra laga og reglna á fjármálamarkaði í starfsemi bankans

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, t.d. í viðskiptafræði, verkfræði eða lögfræði
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Metnaður og vilji til að takast á við krefjandi og fjölbreytt verkefni
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 29. ágúst. Sækið um hér: <https://attentus.umsokn.is>



DEILDARSTJÓRI ALMANNASAMGÖNGUR

Vilt þú vinna að bættum almenningssamgönum á landinu öllu?



FAGMENNSKA
ÖRYGGI
FRAMSÝNI

Leitað er eftir deildarstjóra í nýrri deild Vegagerðarinnar um rekstur almenningsamgangna. Verkefni deildarinnar er rekstur og þróun þeirra almenningsamgangna sem heyra undir Vegagerðina. Þetta á við um samgöngur milli byggðarlaga á landi og á sjó og í einhverjum tilvikum í lofti. Um er að ræða áhugavert starf fyrir dugmikinn einstakling.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun æskileg
- Farsæl og árangursrík reynsla af rekstri
- Reynsla af markaðssetningu
- Reynsla af rekstri almenningsamgangna er kostur
- Framúrskarandi samskiptafærni og rík þjónustulund
- Frumkvæði, metnaður og árangursdrifni
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð kunnátta í talaðri og ritaðri íslensku og ensku

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags og umsóknarfrestur er til og með 2. September 2019.

Nánari upplýsingar um starfið veita Bergþóra Þorkeldsdóttir forstjóri (bergthora.thorkeldsdottir@vegagerdin.is) og Jónas Snæbjörnsson framkvæmdastjóri þróunarviðs (jonas.snaebjornsson@vegagerdin.is) og í síma 522 1000



Umsókn skal fylgja ítarleg ferilskrá og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur um hæfi til að gegna umræddu starfi. Umsóknir berist Vegagerðinni á netfangið starf@vegagerdin.is

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.



HEILSUGÆSLAN

Sérfræðingar í geðheilbrigðisþjónustu við Geðheilsuteymi HH Suður

Laus eru til umsóknar störf sérfræðinga við Geðheilsuteymi HH suður. Teymið er nýtt þverfaglegt teymi ætlað íbúum í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði. Ef þú hefur áhuga á að taka þátt í að byggja upp teymi sem sinnir samfélagsþjónustu þá er þetta spennandi tækifæri. Unnið er eftir batahugmyndafræði þar sem einstaklingsmiðuð þjónusta ýtir undir styrkleika og bjargráð notenda.

Leitað er að sérfræðingum í eftirfarandi störf:

- Sérfræðingur í geðlækningum
- Sérfræðingur í geðhjúkrun
- Sálfræðingur

Nánari upplýsingar veita:

Íris Dögg Harðardóttir, teymisstjóri Geðheilsuteymi HH suður
iris.dogg.harardottir@heilsugaeslan.is - 821-2161
Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar HH
ragnheidur.osk.erlendsdottir@heilsugaeslan.is - 513-5044
Sigríður D. Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri lækninga HH
sigridur.d.magnusdottir@heilsugaeslan.is - 513-5015
Agnes Agnarsdóttir, fagstjóri sálfræðinga HH
agnes.agnarsdottir@heilsugaeslan.is - 513-5000

Nánari upplýsingar eru á www.heilsugaeslan.is eða www.starfatorg.is

VIRÐING - SAMVINNA - FAGMENNSKA

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli

- Leiðbeinendur á tómsundaheimili

Flataskóli

- Deildarstjóri á leikskóladeild

Sjálandsskóli

- Leiðbeinendur á tómsundaheimili

Urriðaholtsskóli

- Leikskólakennarar
- Háskólamenntaðir leiðbeinendur

Jónshús, félagsmiðstöð eldri borgara

- Starfsmaður

Móaflöt – skammtímavistun fyrir fötluð börn og ungmenni

- Yfirþroskaþjálfari

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



GARÐABÆR

GARDATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



Vantar þig starfsfólk?



HAGVANGUR

hagvangur.is



NetApp Iceland is hiring

No matter if you're a graduate or a seasoned veteran, we have something for you

Why NetApp?

NetApp is a Fortune 500 Company consistently rated as one of the world's best places to work.

We hire talented people and support them to do what they do best. We take pride in offering an exciting and innovative workplace, with opportunities to grow no matter where you're at in your career. Looking after our people is an important part of how we do business.

Here's why:

Be rewarded with competitive salaries and bonuses

Take advantage of 5 volunteer days each year

Participate in the employee stock purchase program

Directly influence and shape the future of cloud

Work with global partners, including Microsoft, Amazon, and Google

Experience travel and global development opportunities

We're looking for talented people to join our Reykjavík team Help us build out Azure NetApp Files and Cloud Volumes, in close collaboration with Microsoft and Google

Software Engineers

Multiple open positions

Be part of the core team of leading software engineers writing the future of cloud management, with the industry's bleeding-edge technology.

Site Reliability Engineers

Multiple open positions

Can't choose between writing code and building the rock-solid systems to run it? Why not do both? Our SREs do it all to scale, harden, and increase performance across the board!

Quality Assurance Engineers

Multiple open positions

Our exceptional team of QA Engineers work closely with our developers to eliminate existing issues, and help prevent the rise of new issues (please apply to a Software Engineer position).

Apply now at: netapp.com/iceland-jobs. Applications in English are preferred.

For more information about the product check out: cloud.google.com/netapp and azure.microsoft.com/en-gb/services/netapp.



Verkefnastjóri í eignadeild

Kópavogsbær óskar eftir að ráða verkefnastjóra ástandsskoðunar fasteigna og eftirlits með viðhaldsframkvæmdum. Verkefnastjóri sinnir einnig umsýslu með fasteignum í eigu Kópavogsbæjar. Um nýtt starf er að ræða sem kemur til með að þróast með þeim starfsmanni sem ráðinn verður í starfið.

Starfssvið

- Ástandsskoðun allra fasteigna Kópavogsbæjar.
- Gerð útboðsgagna, kostnaðar- og viðhaldsáætlana.
- Eftirlit og umsýsla með verktökum bæjarins.
- Skráning gagna í skjalakerfi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Verkfræði- eða tæknimenntun á háskólastigi.
- Reynsla af viðhalds- og byggingarframkvæmdum.
- Lönnmenntun sem nýtist í starfi og meistaraþéttindi æskileg.
- Reynsla af opinberri stjórnarsýslu æskileg.
- Góð tölvukunnátta.
- Þekking á Autocad æskileg.
- Þekking á skjalavistunarkerfi ONE æskileg.
- Mjög góð hæfni í mannlegum samskiptum og skipulagsfærni.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélag.

Konur jafnt sem karla eru hvattar til að sækja um starfið.

Eingöngu er hægt að sækja um starfið rafrænt í gegnum ráðningarvef Kópavogsbæjar.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Gunnar Már Karlsson deildarstjóri í síma 441-0000.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Laus störf hjá Kópavogsbæ

Leikskólar Kópavogs óska eftir leikskólakennurum, aðstoðarleikskólustjóra, deildarstjórum og þroskþjálfara.

Grunnskólar Kópavogs auglýsa eftir náttúrufræðikennara, forfallakennurum, sérkennara, frístundaleiðbeinendum og stuðningsfulltrúum.

Á velferðarsviði er óskað eftir teymisstjóra í íbúðakjarna, starfsfólki í stuðningsþjónustu við fatlað fólk og liðveitendum í hlutastarf.

Umhverfissvið óskar eftir verkefnisstjóra í eignadeild.

Sundlaugar Kópavogs óska eftir karlkyns starfsmanni í laugarvörslu og móttöku.

Kynntu þér fjölbreytt og spennandi störf á heimasíðu okkar www.kopavogur.is



Kópavogsbær

kopavogur.is



Alcoa Fjarðaál er stærsta iðnfyrirtæki landsins og við leitum nú að góðu fólki í framleiðsluteymi okkar í álverinu á Reyðarfirði. Teymisfélagar skipta með sér verkum og sjá um daglega framleiðslu Fjarðaáls á þrískiptum átta tíma vöktum.

Erum við að leita að þér?

Hvers vegna að vinna með okkur?

- **Við erum** með vaktakerfi sem gefur góðar tekjur og fimm daga frí á milli vaktalotna.
- **Við höfum** fríðindi á borð við akstur til og frá vinnu, mótuneyti, heilsugæslu og velferðarþjónustu.
- **Við stöndum** vörð um jafnrétti og gerðum með okkur sáttmála um góða vinnustaðarmenningu.
- **Við trúum** því að samhent teymi ólíkra einstaklinga skili bestum árangri.
- **Við gerum** strangar kröfur til okkar í umhverfis-, heilbrigðis- og öryggismálum.
- **Við fáum** tækifæri til starfsþróunar í gegnum þjálfun, fræðslu og fjölbreytta starfsreynslu.
- **Við búum** í nálægð við náttúruna í fjölskylduvænu samfélagi á Austurlandi.

Ef þú hefur áhuga á að vinna með okkur í álverinu á Reyðarfirði þá hvetjum við þig til að kynna þér málið nánar. Frekari upplýsingar veitir mannauðsteymi Fjarðaáls í gegnum netfangið starf@alcoa.com eða í síma 470 7700.

Hægt er að sækja um framleiðslustörf hjá Fjarðaáli á www.alcoa.is. Umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri, tala íslensku, vera með gild ökuréttindi og hreint sakavottorð. Umsóknir eru trúnaðarmál og er þeim öllum svarað.

Við hvetjum konur sérstaklega til að sækja um störfín. Umsóknarfrestur er til og með 30. ágúst 2019.



Fjarðaál
alcoa.is





Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing



FAST
Ráðningar

lind@fastradningar.is
mjoll@fastradningar.is www.fastradningar.is

Hjúkrunarfræðingur

Af sérstökum ástæðum óskum við eftir hjúkrunarfræðingi þegar í stað.

Um er að ræða aðstoð í klínískri móttöku sjúklinga ásamt aðstoð í laseraðgerðum.

Í umsókn komi fram upplýsingar um menntun, aldur og fyrri störf. Einnig séu tilteknir tveir meðmælendur. Umsóknir berist fyrir 25. ágúst nk.

Hæfniskröfur

- Mjög góð tölvukunnátta og færni til að læra nýja hluti á stuttum tíma
- Vera fróðleiksfús og ástunda nákvæm vinnubrögð
- Framúrskarandi þjónustulund, jákvæðni og sveigjanleiki
- Frumkvæði og hæfileikar til að takast á við mismunandi verkefni

Umsóknir

- Fyrirspurnir um starfið og umsóknir berist í gegnum ráðningarkerfi Alfreds – www.alfred.is þar sem sömu auglýsingu er að finna
- Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim öllum svarað



AUGLJÓS

LASER AUGNLÆKNINGAR
ALMENNAR AUGNLÆKNINGAR

Glæsibær, Vesturhús, 2. hæð • Álfheimar 74 • 104 Reykjavík



ORF LÍFTÆKNI

VERKEFNASTJÓRI Í VÖRUÞRÓUN FYRIR BIOEFFECT HÚÐVÖRUR

ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða verkefnastjóra sem mun starfa á viðskiptaþróunarsviði félagsins. Starf verkefnastjóra snýr fyrst og fremst að vöruþróun fyrir BIOEFFECT vörulínu félagsins en einnig að öðrum viðfangsefnum, öll unnin í nánú samstarfi við önnur svið þess.

HELSTU VERKEFNI

- Undirbúningur og skilgreining verkefna.
- Verkefnastjórnun í vöruþróun BIOEFFECT vara frá upphafi vöruþróunarferlis þar til vara er tilbúin til framleiðslu og sölu. Einnig verkefnastjórnun, eftirfylgni og utanumhald á breytingum á vöru.
- Skipulag verkefna, gerð tímalína, upplýsingagjöf og skýrslugerð um framgang verkefna.
- Eftirlit, eftirfylgni og utanumhald á öllum þáttum vöruþróunarferlisins.
- Skráningar og skjölun á öllum þáttum vöruþróunarferlisins og ef breytingar koma upp á vörum.
- Miðlun upplýsinga til þeirra aðila sem að ferlinu koma og frá þeim.

Umsókn ásamt ferilskrá og kynningarbréfi óskast send í gegnum heimasíðu Alfreds (www.alfred.is) fyrir **dagslok 29. ágúst 2019**.

Nánari upplýsingar um starfið veitir mannauðsstjóri, Harpa Magnúsdóttir, í síma 591-1590.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað.

MENNTUN OG HÆFNISKRÖFUR

- Menntun eða haldbær reynsla á sviði verkefnastjórnunar í vöruþróun eða sambærilegu starfi.
- Mjög góð samskiptafærni og jákvætt viðmót.
- Reynsla af notkun hugbúnaðarkerfa fyrir verkefnastjórnun.
- Árangursmiðaðir starfshættir, fagmennska og nákvæm vinnubrögð.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta í rituðu og töluðu máli.
- Áhugi á húðvörum, og lífvísindum æskilegur.

NÁNAR UM ORF LÍFTÆKNI

ORF Líftækni er íslenskt þekkingar fyrirtæki sem framleiðir vörur sem byggja á lífvísindum, m.a. BIOEFFECT húðvörur sem seldar eru á Íslandi og erlendis og hafa fengið ýmsar viðurkenningar fyrir virkni sína og hreinleika. Hjá ORF Líftækni starfar fólk með fjölbreyttan bakgrunn, reynslu og þekkingu. ORF Líftækni leitast við að vera eftirsóknarverður vinnustaður fyrir jafnt konur sem karla.



Nýtt fólk

Birna Erlingsdóttir til Digido

Birna Erlingsdóttir hefur verið ráðin til netmarkaðsstofunnar Digido sem sérfræðingur í stafrænni markaðssetningu. Þar mun hún vinna með viðskiptavinum að stafrænni vegferð í net- og markaðsmálum.



Birna starfaði áður í markaðsdeild WOW air þar sem hún var ábyrg fyrir stafrænni markaðssetningu flugfélagsins, markaðsherferðum og hugmyndavinnu. Birna er með BA-gráðu í listfræði og viðskiptafræði frá Háskóla Íslands.

Digido vinnur með fyrirtækjum að því að ná betri árangri í markaðsstarfi með nýtingu gagna, auknum sýnileika á leitavélum, skilvirkari vefauglýsingum og vefmælingum.

Þórhildur framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts

Þórhildur Ólöf Helgadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri fjármálasviðs Íslandspósts.



Þórhildur hefur mikla reynslu á sviði fjármála og rekstrar en síðastliðin tvö ár hefur hún starfað sem fjármálastjóri 66°Norður. Áður en hún tók við því starfi var hún fjármálastjóri bílaumboðsins Heklu frá 2014 til 2017 og þar á undan var hún fjármálastjóri Securitas en áður hafði hún starfað sem verkefnastjóri hjá Deloitte. Þá sat hún í stjórn Sjóvá Almennra um árabíl og átti sæti í stjórnnum dótturfélaga 66°Norður og Heklu.

Þórhildur er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún er gift Stefáni Árna Auðólfssyni og á þrjú börn.

Ragnhildur til starfsmannasviðs Háskóla Íslands

Ragnhildur Ísaksdóttir hefur tekið við starfi sviðsstjóra starfsmannasviðs Háskóla Íslands. Hún mun leiða mannaúðsmál skólans þar sem hún mun vinna náið með rektor og öðrum stjórnendum í mótun háskólans sem vinnustaðar.



Ragnhildur hefur mikla reynslu af mannaúðsmálum og kemur til Háskóla Íslands frá Reykjavíkurborg þar sem hún var starfsmannastjóri. Hún hefur meistaraþróf í mannaúðsstjórnun, diplómapróf í opinberri stjórnsýslu og BA-próf í stjórnmálafræði, öllum frá Háskóla Íslands.

Jensína gengur til liðs við Valcon consulting

Jensína Kristín Bøðvarsdóttir hefur gengið til liðs við Valcon sem Associate Partner. Valcon er alþjóðlegt ráðgjafarfyrirtæki með höfuðstöðvar í Danmörku og um 300 starfsmenn í yfir 40 löndum. Fyrirtækið hefur verið með starfsemi á Íslandi síðan 2012.



Jensína var áður framkvæmdastjóri hjá Alvogen, VP Global Strategic Planning & HR, á árunum 2015 – 2018 og framkvæmdastjóri þróunar og mannaúðs hjá Landsbankanum 2010-2015. Á árunum 2007-2010 var hún forstöðumaður sölu á einstaklingssviði hjá Simanum.

Á árunum 2001-2004 var Jensína framkvæmdastjóri mannaúðssviðs og viðskiptaþróunar hjá ráðgjafarfyrirtækinu IMG (nú Capacent).

FRÉTTABLAÐIÐ

Tilkynningar um nýtt fólk Atvinnublað Fréttablaðsins kemur út á laugardögum í viku hverri. Umsjónarmaður blaðsins er Hrannar Helgason. Blaðið birtir valdar greinar um ráðningu nýrra starfsmanna. Sendið tilkynningar ásamt mynd af viðkomandi á netfangið: nyttfolk@frettabladid.is



IÐJUPJÁLFI

Seltjörn hjúkunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða iðjubálfa í 50 til 60% starfshlutfall. Um er að ræða nýtt starf og væri æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkunarar í síma 864 4184.

Hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu Sunnuhlíðar, sunnuhlid.is.

MÓTAÐU STAFRÆNA FRAMTÍÐ OG ÞJÓNUSTU MEÐ OKKUR Í HAFNARFIRÐI

Hafnarfjarðarbær auglýsir tvær stöður sem gegna mikilvægu hlutverki við að endurhanna þjónustu og vinna að stafrænum umbreytingum með þarfir notenda í forgangi.

Störfin heyra undir sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs sem vinnur náið með öðrum sviðum sveitarfélagsins. Við leitum að fólki sem sýnir frumkvæði, staðfestu og metnað til að ná árangri í starfi. Störfin krefjast leiðtogaþæfileika og góðrar færni í samskiptum.

DEILDARSTJÓRI ÞRÓUNAR- OG TÖLVUDEILDAR

Meginhlutverk deildarstjóra er að móta stefnu um hagnýtingu upplýsingatækni og nýsköpunar þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Dagleg stjórnun og rekstur deildarinnar, þ.m.t. áætlana- og skýrslugerð
- Ábyrgð á þróun, nýsköpun og stefnumótun fyrir notkun upplýsingatækni í ytri og innri þjónustu
- Vinnur með sviðsstjóra þjónustu- og þróunarsviðs að stefnumótun við hagnýtingu rafrænna upplýsinga
- Umsjón með greiningu, smíði og innleiðingu stærri upplýsingatækni-verkefna
- Upplýsingagjöf til stjórnenda um stöðu og framgang verkefna sem undir hann heyra
- Samningagerð við birgja og þjónustuaðila, hefur eftirlit með aðkeyptri vinnu
- Frumkvæði í þróun upplýsingatækni og tryggir að upplýsingakerfi og tækjabúnaður uppfylli kröfur og þarfir notenda
- Ábyrgð á tölvuöryggismálum

Helstu hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði upplýsingatækni eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Stjórnunar- og rekstrarreynsla
- Reynsla af samningagerð og samskiptum við birgja
- Reynsla af árangursríkri stjórnun og verkstýringu stórra upplýsingatækni-verkefna
- Þekking á stafrænum umskiptum og hugmyndafræði notendamiðaðra hönnunaraðferða er kostur

Nánari upplýsingar um störfin veitir: Sigurjón Ólafsson, sviðsstjóri, sigurjono@hafnarfjordur.is

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfin. Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni, sköpunargleði og hraða í vinnubrögðum.

Í báðum tilvikum er um að ræða fullt starf og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september 2019.

Umsóknum skulu fylgja starfsferilskrár og kynningarbréf.

Sækja skal um störfin á vef Hafnarfjarðar

<https://radningar.hafnarfjordur.is>



HAFNARFJÖRÐUR



585 5500 hafnarfjordur.is

VÖRUBÍLSTJÓRAR

Urð og Grjót ehf óskar eftir vönum vörubílstjórum í vinnu, bæði til skammtíma og langtíma.

Áhugasamir hafið samband á urdoggrjot@urdoggrjot.is eða S:660-0040.

Hjúkrunarfræðingur eða snyrtifræðingur

45% staða meðferðaraðila hjá lækningafyrirtæki sem getur tímundið krafist hærra hlutfalls. Flexmöguleiki. Mikil sjálfstæðni, reynsla í mannlegum samskiptum m.a. við börn og tölvureynsla er nauðsynleg. Reyklaus vinnustaður. Ferill sem greinir menntun, starfsreynslu og fjarvistir í tímaröð ásamt upplýsingum um tölvureynslu, persónu- og fjölskylduhagi, launakröfur, hvers vegna hlutastarf henti auk valupplýsinga eins og um veikindi og meðmælendur óskast strax á starfsumsokn@gmail.com. Allar umsóknir metast af trúnaðarlækni.

Okkur vantar starfsmann í húsgagnadeild



Hefur þú brennandi áhuga á hönnun og ert með ríka þjónustulund?

Við leitum að fagurkera með reynslu af sölumennsku, hæfni í mannlegum samskiptum, er skipulagður, sjálfstæður og metnaðarfullur í vinnubrögðum, til starfa í húsgagnadeild okkar.

Áhugi á hönnun er skilyrði og menntun í hönnun er kostur. **Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.**

Umsóknir með starfsferilskrá óskast sendar fyrir 23. ágúst, á netfangið: elisabet@epal.is
Nánari upplýsingar veitir Elísabet Guðmundsdóttir í síma 568 7733.

Verkfræðingur

Nýsköpunarmiðstöð Íslands auglýsir eftir verkfræðingi á sviði efnaferla og framleiðslu. Verkefni viðkomandi eru á sviði orku og loftslagsmála. Starfsmaðurinn þarf að hafa meistara- eða doktorsgráðu í verkfræði og geta starfað bæði sjálfstætt og í hópi.

Starfsmaðurinn þarf að vera opin fyrir nýjungum og nýsköpun og eiga auðvelt með að setja sig inn í nýja hluti. Verkefnastjórnun, skýrslu og umsóknaskrif eru hluti af vinnuskyldu viðkomandi. Starfsstöð viðkomandi er í höfuðstöðvum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands í Árleyni í Grafarvogi.

Launakjör eru í samræmi við gildandi kjarasamninga og stofnanasamninga hins opinbera og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%.
Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið. Umsóknir og ferilskrá sendist á starf@nmi.is og er **umsóknarfrestur til 2. september**.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðbjörg Óskarsdóttir, gudbjorgo@nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hvetur til nýsköpunar og eflir framgang nýrra hugmynda í íslensku atvinnulífi með virkri þátttöku í rannsóknnum og stuðningi við frumkvöðla og fyrirtæki. Nýsköpunarmiðstöð Íslands heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.



Nýsköpunarmiðstöð
Íslands

Árleyni 8 - 12, 112 Reykjavík • Sími 522 9000 • www.nmi.is



HVERAGERÐISBÆR

Blómstrandi bær

Við leitum að góðu fólki

Forstöðumaður frístundaskóla og félagsmiðstöðvar

Óskað er eftir drifandi, hugmyndaríkum og ábyrgum einstaklingi til að leiða starf barna og unglunga í Hveragerði.

Starfsvið:

* Yfirumsjón með starfsemi Bungubrekku, <http://bungubrekk.hveragerdi.is/>.

* Þátttaka í stefnumótun til framtíðar í málaflokkum.

* Forstöðumaður leiðir uppbyggingu og skipulagningu. Um er að ræða 100% starfshlutfall.

Í Bungubrekku er:

- **Frístundaheimili** grunnskólans, Skólasels. Þar er veitt þjónusta fyrir börn í 1.-4. bekk eftir að skóla lýkur á daginn. Hlutverk frístundaskólans er að skapa yngstu nemendum grunnskólans tryggan samverustað eftir að skóla lýkur.

- **Félagsmiðstöðin Skjálftaskjól**. Þar er boðið upp á félagsstarf fyrir börn og unglunga á aldrinum 10-16 ára í frítíma þeirra. Lögð er áhersla á að ná til sem flestra og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni.

- **Íþrótt- og ævintýranámskeið**. Á sumrin er boðið upp á heilsdagsnámskeið fyrir 5-11 ára börn þar sem áhersla er lögð á hreyfingu, sköpun og útiveru.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með háskólapróf á sviði tólmstunda- og félagsmálalæfræði, uppeldismenntun eða sambærilega menntun. Reynsla af stjórnun er æskileg, en reynsla af starfi með börnum og/edá unglungum er skilyrði auk almennrar tölvukunnáttu.

Leikskólastjóri Leikskólans Undralands

Óskað er eftir leikskólastjóra hjá Leikskólanum Undralandi í Hveragerði, sem er sex deilda leikskóli. Húsnæðið var tekið í notkun 2017 og aðstaða er öll hin glæsilegasta.

Starfsvið:

* Leikskólastjóri stýrir og ber ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri skólans og veitir skólanum faglega forstöðu á sviði kennslu og þróunar.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur hafi starfsheitið leikskólakennari og viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á leikskólastigi. Stjórnunareynsla úr leikskóla er skilyrði. Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum er skilyrði auk skipulagshæfni, frumkvæðis, sjálfstæðis og fagmennsku í vinnubrögðum. Áhersla er lögð á áhuga og metnað til árangurs í starfi. Á leikskólanum er unnið eftir kennsluáferðum „Leikur að læra“ og er kostur ef viðkomandi hafa reynslu af því starfi.

Í boði eru áhugaverð störf í barnvænu umhverfi, en Hveragerði er ört vaxandi sveitarfélag með um 2.700 íbúa. Hveragerði er aðeins í 30 mín. fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Öll þjónusta í bæjarfélaginu er eins og best verður á kosið, leikskólar, grunn- og framhaldsskólar, sem og tónlistarskóli eru innan seilingar. Íþrótt- og menningarlíf er í miklum blóma og umhverfi bæjarins gefur kost á fjölbreyttri útivist í fallegu umhverfi.

Umsóknarfrestur er til og með 1. september nk. Gengið verður frá ráðningum fljótlega.

Guðný Harðardóttir hjá STRÁ ehf. veitir nánari upplýsingar um störf in s: 588-3031 alla virka daga frá kl.11-13. Vinsamlegast sendið umsóknir ásamt meðfylgjandi gögnum til stra@stra.is, sjá nánar www.stra.is.

Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út með vísan til 3. tölul. 2. mgr. 2. gr. reglna um auglýsingar á lausum störfum nr. 464/1996, með síðari breytingum, sem settar eru með stoð í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningar hefur verið tekin.

Sjá nánar heimasíðu www.hveragerdi.is



Við erum alltaf með
bókara á skrá

hagvangur.is

HAGVANGUR



SNILLINGUR Í BÓKHALDI

80 - 100% starfshlutfall

Við óskum eftir liðsauka í að efla fjármálasvið fyrirtækisins auk þess sem viðkomandi mun taka að sér önnur tengd verkefni í rekstri fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa reynslu af störfum af þessum toga auk þess að hafa ríka þjónustulund gagnvart samstarfsfólki og viðskiptavinum.

Hæfniskröfur eru:

- Góð reynsla af fjármálum, bókhaldi og rekstri almennt
- Menntun sem nýtist í starfinu
- Framúrskarandi tölvuþekking
- Góð enskukunnátta ásamt einu Norðurlandatungumáli er kostur.

Lindex er fjölskyldufyrirtæki stofnað 2011 og rekur 7 verslanir á Íslandi auk vefverslun lindex.is. Til viðbótar er stefnt að opnun fyrstu verslunarinnar í Danmörku í haust.

Umsóknir með ferilskrá berist á atvinna@ldx.is

merktar „Snillingur í bókhaldi“

Umsóknarfrestur er til og með 20. ágúst nk.

LINDEX

MARKAÐSSTJÓRI S4S

S4S ehf óskar eftir að ráða árangursdrifinn og metnaðarfullan einstakling í starf **markaðsstjóra**. Starfið felur í sér umsjón með markaðsmálum fimmtán verslana og þriggja netverslana. Umsóknir berist fyrir 2. september á atvinna@s4s.is

HELSTU VERKEFNI :

- Yfirumsjón með markaðsmálum fyrirtækisins.
- Gerð markaðsáætlana og greining sölugagna.
- Vörubrúun og stefnumótun.
- Ábyrgð á markaðs- og auglýsingarefni.

HÆFNISKRÖFUR :

- Reynsla af verslunarrekstri og markaðsstörfum.
- Reynsla af stafrænni markaðssetningu.
- Reynsla af verkefnastjórnun og gerð markaðsáætlana.
- Leiðtogahæfileikar og góð færni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla í notkun Navision er æskileg.

SKECHERS

ECCO

KOX

Toppskórin

Kaupfélagið

AIR

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

ELLINGSEN

Skór.is
netverslun



Vilt þú skipta yfir til Orku náttúrunnar?

Við leitum að ástríðufullu fólki í ólíkar stöður - öll kyn eru hvött til að sækja um

Við erum leiðandi í umhverfisvænum orkuskiptum á Íslandi og nýsköpun í nýtingu auðlindastrauma. Við höfum sett okkur metnaðarfull loftslagsmarkmið og viljum nýta auðlindir af ábyrgð og nærgætni til að bæta lífsgæði í nútíð og framtíð.

Hjá okkur ríkir jákvæður starfsandi sem einkennist af sterkri liðsheild, uppbyggilegum skoðanaskiptum og virðingu í samskiptum. Við bjóðum upp á fyrsta flokks aðbúnað og fjölskylduvænan vinnutíma.

Ef þetta kveikir á ON takkanum þá viljum við heyra frá þér!

- Rekstrarstjóri hleðslunets
- Sérfræðingur í skjalamálum
- Verkefnastjóri fjárfestingaverkefna
- Verkplanari í virkjunum

Sjá allt um störfín á: starf.on.is



STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is

Vélavörður

Vélavörður óskast á Jón á Hofi ÁR 42 sem gerður er út á humartroll og fiskitroll.

Stærð aðalvélar er 729 kW.

Fyrirspurnir og umsóknir á netfangið jonpall@rammi.is eða í síma 8991785.



Naturvörður hjá Alþingi
Skrifstofa Alþingis auglýsir
eftir naturverði í fullt starf.
Sjá nánari upplýsingar á Starfatorg.is.



Vantar þig starfsfólk?

 **HAGVANGUR**
hagvangur.is

GRAND BRASSERIE

VIÐ LEITUM AÐ VEITINGASTJÓRA Grand Hótel Reykjavík

Yfirmatreiðsúmaeitari á Grand Hótel Reykjavík er Úlfar Finnbjörnsson

 TÆKIFÆRI FYRIR KRAFTMIKINN OG METNADARFULLAN STJÓRNANDA

Starfssvið:

- Yfirumsjón með daglegum veitingarekstri
- Starfsmannamál, ráðningar og þjálfun
- Gæðastjórnun og eftirlit með þjónustu
- Þátttaka í uppbyggingu á veitingarekstri á stærsta ráðstefnuhótel landsins

Hæfniskröfur:

- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Fagmannleg framkoma og snyrtimennska
- Jákvæðni og geta til að vinna undir álagi
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Haldbær reynsla af veitingarekstri
- Sveinspróf er kostur

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á salvor@grand.is. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað. Umsóknarfrestur er til og með **30. ágúst 2019**. Nánari upplýsingar gefur Salvör hóteltjóri í síma 824-2098. Hlökkum til að heyra frá þér.



Grand Hótel Reykjavík er stærsta funda- og ráðstefnuhótel landsins. Á hótelinu eru 311 herbergi, 11 ráðstefnu- og veislusalir og veitingastaðurinn Grand Brasserie. Grand Hótel Reykjavík er hluti af Íslandshótelum sem reka 17 hótel hringinn í kringum landið.

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

Capacent_

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

capacent.is

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Akureyri, Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Akureyri auglýsir laust starf yfirhjúkrunarfræðings svæðis á Heilsugæslunni á Akureyri. Um er að ræða 100% stöðu (dagvinna). Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst eða eftir samkomulagi. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Er yfirmaður hjúkrunar á starfsstöð HSN á Akureyri og annarrar stoðstarfsemi samkvæmt skipuriti
- Skipuleggur og stjórnar hjúkrunarþjónustu heilsugæslustöðvarinnar og tekur þátt í klínísku starfi
- Stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsóknar og nýta rannsóknarniðurstöður
- Tekur þátt í gerð áætlaðna varðandi rekstur
- Tryggir að rekstur og starfsmannamál séu í samræmi við fjárhagsáætlun
- Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, þróun þjónustu og stjórnun verkefna á starfsstöðinni og þvert á stofnun
- Hefur umsjón með starfsemi heilsugæslustöðvarinnar samkvæmt skipuriti ásamt yfirlækni
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu

Hæfnikröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
- Viðbótarmenntun á sviði heilbrigðisvísinda, viðskiptafræði eða stjórnunar æskileg
- Reynsla af heilsugæsluhjúkrun er æskileg
- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert. Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini og íslenskt hjúkrunarleyfi. Sótt er um starfið á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is (laus störf) eða á www.starfatorg.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsókn fylgi starfsferliskrá og upplýsingar um nám og fyrri störf. Umsækjendur eru auk þess beðnir um að skila kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfi og sýn á starfið.

Tóbaksnotkun og notkun á rafsigarettum er ekki heimilud á vinnutíma innan HSN.

Gildi HSN eru: Fagmennska - Samvinna - Virðing • Umsóknarfrestur er til og með 02.09.2019

Nánari upplýsingar veita

Guðný Friðriksdóttir - gudnyf@hsn.is - 860 7750 • Bryndís Lilja Hallsdóttir - bryndis.lilja.hallsdottir@hsn.is - 432 4050



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sérfræðingur í jarðtækni	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1484
Byggingaverkfr./-tæknifræðingur	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1483
Húsvörður í Gunnarsholti	Landgræðslan	Hella	201908/1482
Næturvörður	Skrifstofa Alþingis	Reykjavík	201908/1481
Sérfræðingur við manntal	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201908/1480
Lögfræðingur	Tryggingastofnun	Kópavogur	201908/1479
Geðlæknir í geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201908/1478
Sálfræðingur í geðheilsuteymi	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201908/1477
Sérfræðingur í geðhjúkrun	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Höfuðborgarsv.	201908/1476
Sérfræðingur í bráðalækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1475
Sérfræðingur í heimilislækningum	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1474
Yfirmatreiðslumaður	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1473
Starfsmaður í eldhús	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Reykjanesbær	201908/1472
Starfsmaður	ÁTVR, Vínubúðin	Hella	201908/1471
Fulltrúi í NorType	Samgöngustofa	Reykjavík	201908/1470
Verkefnastjóri	Háskóli Íslands, Vísindasmiðja	Reykjavík	201908/1469
Deildarstjóri - almannasamgöngur	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1468
Framkvæmdastjóri þjónustusviðs	Vegagerðin	Reykjavík	201908/1467
Verkstjóri	Vegagerðin	Húsavík	201908/1466
Vélamaður	Vegagerðin	Patreksfjörður	201908/1465
Verkfræðingur	Nýsköpunarmiðstöð Íslands	Reykjavík	201908/1464
Umsjónaraðili kaffistofu	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201908/1463
Lögreglufulltrúar	Héraðssaksóknari	Reykjavík	201908/1462
Forstöðuhjúkrunarfræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201908/1461
Ráðsmaður	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Egilsstaðir	201908/1460
Sálfræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201908/1459
Hjúkrunarfræðingar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrókur	201908/1458
Hjúkrunarfræðingar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Blönduós	201908/1457
Sjúkraliði	Landspítali, krabbameinslækn.deild	Reykjavík	201908/1456
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, krabbameinslækn.deild	Reykjavík	201908/1455
Námsstöður deildarlækna	Landspítali, geðsvið	Reykjavík	201908/1454
Hjúkrunarfræðingur	Landspítali, göngud. taugasjúkdóma	Reykjavík	201908/1453
Sérfræðilæknir	Landspítali, svæfinga-/gjörgæslulækn.	Reykjavík	201908/1452
Hjúkrunarfræðingur/dagvinna	Landspítali, göngudeild þvagfæra	Reykjavík	201908/1451
Sérfræðilæknir í myndgreiningu	Landspítali, röntgendeild	Reykjavík	201908/1450
Skrifstofumaður	Sýslumaðurinn á Vestfjörðum	Ísafjörður	201908/1449
Varðstjóri	Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201908/1448



Við ráðum

Ráðum býður upp á ráðgjöf og ráðningaþjónustu sniðna að þörfum viðskiptavinarins.

Stjórnendaleit

Reynsla og gott tengslanet sérfræðinga Ráðum skilar árangri þegar finna þarf æðstu stjórnendur eða fólk í stjórnir fyrirtækja.

Ráðningar millistjórnenda og sérfræðinga

Góður gagnagrunnur, gott tengslanet og áralöng reynsla á ráðningarmarkaði eykur líkurnar á því að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Almennar ráðningar á markaði

Öflun umsækjenda í almenn störf er ein helsta áskorun fyrirtækja í dag. Þekking á markaðnum er því mikilvæg og þar skiptir reynslan miklu máli. Með leit í gagnagrunni eða auglýsingu í viðeigandi miðlum aðstoðar Ráðum fyrirtæki við að finna hæfasta einstaklinginn í starfið.

Sveigjanleg nálgun

Sérstaða Ráðum liggur í sveigjanlegri nálgun á ráðningarverkefnið. Fyrir utan að sjá um allt ráðningarferlið komum við til móts við þarfir fyrirtækja með því að sjá um hluta þess ef þörf krefur, t.d. bakgrunnskannanir, hæfnismat eða starfstengdar æfingar.

Matstæki

Ráðum notast við nýjustu aðferðir við að meta hæfni og persónuleikabætti sem geta skipt sköpum í ráðningum. Ráðum er í samstarfi við bandaríska mannauðslausnafyrirtækið CEB sem er í fararbroddi í persónuleikaprófum og öðrum matstækjum sem eru sérstaklega hönnuð til að greina sérstöðu og hæfileika einstaklinga áður en ráðning fer fram.

Þannig er hægt að finna hæfasta einstaklinginn með talsverðri nákvæmni. Persónuleikamatið OPQ32 og DSI (Dependability & Safety Index) skimunarprófið hafa t.d. verið stöðluð og staðfærð að íslenskum markaði.

Ráðgjöf við starfslok

Viðskilnaður fyrirtækis við starfsmann skiptir höfuðmáli þegar fyrirtækið á frumkvæðið að starfslokum. Ráðum býður upp á viðtal við ráðgjafa sem felur m.a. í sér upplýsingar um atvinnumarkaðinn, ráðgjöf varðandi starfsferilskrá og kynningarbréf og hagnýt atriði varðandi starfsleit og atvinnuviðtöl.

ráðum
ráðningarstofa

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Álftanesskóli

- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Flataskóli

- Deildarstjóri á leikskóladeild

Sjálalandskóli

- Leiðbeinendur á tómstundaheimili

Urriðaholtsskóli

- Leikskólakennarar
- Háskólamenntaðir leiðbeinendur

Jónshús, félagsmiðstöð eldri borgara

- Starfsmaður

Móaflöt – skammtíavistun fyrir fötluð börn og ungmenni

- Yfirproskapjálfi

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar <https://starf.gardabaer.is>.



GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • GARDABAER.IS



TRAUSTI
fasteignasala

Trausti fasteignasala | trausti@trausti.is | s.546-5050 | Vegmúla 4 | 108 Reykjavík

VIÐ ERUM TRAUSTI



VIÐ VILJUM VINNA MEÐ ÞÉR

Trausti fasteignasala óskar eftir að ráða löggiltan fasteignasala eða nema til löggildingar fasteignasala til starfa. Vaxandi fasteignasala í léttu og skemmtilegu starfsumhverfi. Góðir tekjumöguleikar. Reynsla af sölu fasteigna nauðsynleg.

Fáið frekari upplýsingar hjá Kristjáni Baldurssyni í síma 867-3040 eða kristjan@trausti.is

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík



IÐJUBJÁLFI

Seltjörn hjúkrunarheimili Seltjarnarnesi óskar eftir að ráða iðjubjálfa í 50 til 60% starfshlutfall. Um er að ræða nýtt starf og væri æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Svanlaug Guðnadóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar í síma 864 4184.

Hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu Sunnuhlíðar, sunnuhlid.is.

RÁÐGJÖF

Að gera betur í dag en í gær er drifkraftur nýrra hugsana og betri árangurs.

RÁÐNINGAR

Starfsmenn eru lykill að árangri allra fyrirtækja.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir auka þekkingu og gera ákvarðanir markvissari

Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavinum til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

Verkstjóri/Byggingastjóri

Vegna vaxandi verkefna og traustrar verkefnastöðu næstu árin óskum við eftir að ráða reyndan verkstjóra til starfa við daglega stjórn á verkstað í framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu.

Helstu verkefni:

- Dagleg stýring starfsmanna og undirverktaka
- Innri úttektir á gæðum vinnu eigin starfsmanna og undirverktaka
- Efnisinnkaup
- Samskipti við verkkaupa og undirverktaka
- Framfylgja verk- og kostnaðaráætlunum í samráði við verkefnastjóra

Hæfniskröfur:

- Sveinspróf í iðngrein er skilyrði
- Meistararéttindi og byggingastjóraréttindi eru kostur
- Reynsla af stjórn byggingarverkefna
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Frumkvæði, áræðni og metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á póstfangið gylfi@javerk.is fyrir 25. ágúst. Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.

JÁVERK er 27 ára öflugt og metnaðarfullt verktakafyrirtæki. Starfsmenn eru um 120 og verkefnastaða fyrirtækisins er mjög traust næstu árin. **JÁVERK** leggur áherslu á umhverfismál, öryggi og gæði. **JÁVERK** er eina verktakafyrirtækið í flokki stórra fyrirtækja sem hefur fengið viðurkenningu Creditinfo sem „Framúrskarandi fyrirtæki“ öll síðustu 5 ár.

Starfsmannastefna fyrirtækisins er að aðbúnaður og starfsumhverfi sé með því besta sem þekktist. Starfsandi er frábær og starfsmannafélagið mjög virkt og stendur fyrir margskonar skemmtunum og ferðalögum. Starfsmannaveita er lítil.

JÁVERK

Gagnheiði 28
800 Selfoss
Sími 480 1700
javerk@javerk.is
www.javerk.is

JÁVERK

Þú finnur draumastarfið á **Job.is**



Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta




Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

**GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU**



Job.is

Viltu starfa hjá einu öflugasta íþróttafélagi landsins?



Starf hjá Knattspyrnufélaginu Haukum

Starfsmaður í hlutastarf

Haukasel, Frístundaheimili Hauka að Ásvöllum, óskar eftir að ráða starfsmann í hlutastarf frá kl. 13:00 til 17:00 virka daga.

Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir berist til forstöðumanns, iris@haukar.is. Upplýsingar um starfið eru gefnar í síma 848-6340.

Íslyft ehf

Vesturvör 32 - 200 Kópavogur

AVANT



JOHN DEERE

Við leitum að rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum

Vegna aukinna verkefna viljum við bæta við rafvirkjum, vélvirkjum og aðstoðarmönnum á verkstæði okkar.

Íslyft & Steinbock þjónustan er búin að vera starfandi síðan 1972. Íslyft hefur verið markaðsleiðandi í sölu á Linde lyfturum og vöruhúsataekjum síðastliðin 20 ár.

Íslyft er m.a. með umboð fyrir Linde, John Deere, Avant, Merlo og Combilift.

Íslyft er öruggur og skemmtilegur vinnustaður og hvetjum við þig til að sækja um.

Umsóknir sendist á netfangið islyft@islyft.is
Framtíðarstarf hjá öruggu fyrirtæki.



Íslyft ehf er sérhæft fyrirtæki í sölu og þjónustu á lyfurum og dráttarvélum. Íslyft ehf hefur haft mesta markaðshlutdeild í sölu á lyfturum sl. 25 ár.

Menningarfélag Akureyrar

LEITAR AÐ NÝJUM REKSTRARAÐILA TIL AÐ SJÁ UM VEITINGAREKSTUR Í

MENNINGARHÚSINU HOFI

FRÁ OG MEÐ 1. NÓVEMBER 2019

